

Njarðvíkurhöfn - Suðursvæði, Reykjanesbær

Ákvörðun um matsskyldu

1 Inngangur

Þann 16. júní 2022 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Reykjanesbæ, Reykjaneshöfn og Skipasmíðastöð Njarðvíkur um stækkun athafnasvæðis á Suðursvæði Njarðvíkurhafnar, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. liði 2.02 og 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Umhverfisstofnunar, Minjastofnunar Íslands, Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, Hafrannsóknastofnunar og Vegagerðarinnar.

2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Njarðvíkurhöfn – Suðursvæði. Matsskyldufyrirspurn. Maí 2021.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá Umhverfisstofnun 12. júlí 2022, Minjastofnun Íslands 26. júlí 2022, Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja 12. júlí 2022, Hafrannsóknastofnun 15. júlí 2022 og Vegagerðinni 15. júlí 2022.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 20. september 2022.

3 Fyrirhuguð framkvæmd



Mynd 1: Fyrirhuguðar framkvæmdir á hafnarsvæðinu (mynd úr greinargerð framkvæmdaraðila)

Fyrirhuguð framkvæmd felst í að stækka athafnasvæði Skipasmíðastöðvar Njarðvíkur á Suðursvæði Njarðvíkurhafnar. Móta þarf svæðið til að mæta auknum umsvifum með tilheyrandi uppbyggingu aðstöðu og landmótunar. Framkvæmdin felur í sér byggingu þurrkvíar, dýpkun hafnarinnar, gerð sjóvarnargarðs (öldubrjóts), landfyllingar og viðlegukants. Gert er ráð fyrir að þurrkvíin verði



steinsteypt og að kvíarstærð verði um 125 m á lengd og 48 m á breidd. Hæð kvíarinnar verði um 22 m fyrir ofan sjávarmál en nái einnig niður á um 14 m dýpi. Stærð landfyllingar er áætluð um 1,5 ha auk varnargarðs, ætlunin er að jaðar hafnar- og athafnarsvæðis verði samfelldur. Höfnin komi til með að geta tekið við allt að 5000 tonna skipum, 18 m breiðum og 90 m að lengd. Áætluð efnisþörf fyrir framkvæmdina er um 135.000 m³ og er gert ráð fyrir að það verði fengið úr námu í Helguvík og af grjótlagerum sem þar eru. Áætlaður framkvæmdatími er tæp 2 ár.

4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila og umsögnum umsagnaraðila.

Áhrif á landslag og ásjón

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að svæðið sé þegar að mestu mótað af hafnarstarfsemi og einkennist landslagið af því og að framkvæmdin komi ekki til með að raska náttúrulegri strandlengju. Helstu áhrif framkvæmdanna á landslag og útsýni verði af nýjum byggingum og landfyllingu þar sem þurrkví verði mest áberandi. Við frágang á svæðinu verði lögð áhersla á að gera svæðið að aðlaðandi og öruggu vinnusvæði. Framkvæmdin sé talin hafa óveruleg til neikvæð áhrif á landslag og ásjón.

Áhrif á lífríki sjávar

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að botnrannsóknir hafi verið gerðar þar sem dýpkun er fyrirhuguð til að ná sem gleggstri mynd af dreifingu mögulegrar mengunar. Fram kemur að niðurstöður rannsóknanna hafi sýnt TBT (tríbútýltin) mengun aðallega í lægðinni fyrir framan hafnarkjafninn. TBT er þrávirkt lífrænt efni sem geti safnast upp í lífverum og að líklegt sé að uppsöfnun þeirra sé frá þeim tíma sem leyfilegt hafi verið að nota TBT í botnmálningu skipa. Fram kemur í greinargerð að samráð hafi verið haft við Umhverfisstofnun um það hvernig ætti að taka efnið upp og hvernig best væri að meðhöndla slíkan mengaðan jarðveg. Sú leið hafi verið valin að dýpkað verði með gröfupramma og menguðu efni mokað af sjávarbotni ofan í efnispramma sem flytji efnið að svæði fyrirhugaðs brimvarnargarðs. Því næst verði ómengað efni sett ofan á og mengaða efnið þannig urðað undir brimvarnargarðinum og einnig í landfyllingu. Því sé líklegt að mengun vegna TBT verði óveruleg í setlögum hafnarinnar og komi þannig til með að hafa jákvæð áhrif í för með sér miðað við grunnástand. Áhætta sé þó enn til staðar vegna mögulegrar dreifingar mengaðs efnis og vanda þurfi því til verka við dýpkun og urðun efnis. Að mati framkvæmdaraðila muni framkvæmdin koma til með að hafa óveruleg til jákvæð áhrif á lífríki sjávar.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að stofnunin telji jákvætt að lögð verði áhersla á að hindra frekari mengun og koma setefni þannig fyrir að dregið verði úr hættu á að það berist víðar. Framkvæmdin sé á svæði sem nú þegar sé raskað og telur stofnunin ekki líklegt að framkvæmdir muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar kemur fram að um sé að ræða nú þegar mjög raskað svæði og því sé lítil hættu á mjög neikvæðum áhrifum á botndýralíf við framkvæmdirnar. Þó sé fjallað um vöktun á kuðungum vegna mengunar sem leitt hafi í ljós breytingar á dýrunum sem tengdist uppsöfnun efna á borð við TBT. Samkvæmt mælingum á dýpkunarefni hafi talsverð TBT mengun í seti hafnarsvæðisins verið staðfest og sé fyrirhugað að fjarlægja það og varpa í landfyllinguna. Stofnunin telur mikilvægt að gengið sé þannig frá mengaða dýpkunarefninu að það hafi ekki neikvæð áhrif út fyrir landfyllinguna, þ.e. að það dreifist ekki. Að auki bendir stofnunin á að taka þurfi tillit til laga um stjórn vatnamála vegna strandsjávarhlota m.a. vegna mögulegrar mengunar frá fyrirhugaðri starfsemi á svæðinu. Krafa sé um að ástand vatnshlota megi ekki hnigna vegna hverskyns framkvæmda eða starfssemi.



Áhrif á menningarminjar

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að svæðið hafi verið kannað með tilliti til fornleifa og að á svæðinu hafi verið skráðar tvær fornleifar, Stefánsvör og Mangagamlavör. Framkvæmdin komi til með að raska svæði þar sem Stefánsvör sé merkt en í skráningu Fornleifafræðistofnunar sé vörinni líst þannig að hún sé horfin. Ekki sé gert ráð fyrir að raska svæðinu þar sem fornleifar Mangagamlavarar séu en engin ummerki um vörina sjáist í dag. Fram kemur að sem mótvægisáðgerð verði fornleifar merktar í samráði við Minjastofnun Íslands svo ekki verði óþarfa rask innan svæðisins og að gert sé ráð fyrir að fornleifafræðingur hafi eftirlit með jarðvegsframkvæmdum á svæðinu í kringum Stefánsvör. Framkvæmdaraðili metur áhrif framkvæmdanna á menningarminjar óveruleg til neikvæð.

Í umsögn Minjastofnunar kemur fram að yngri byggingar hafi verið byggðar á þeim slóðum þar sem Stefánsvör var. Í minnisblaði Fornleifastofnunar sé vakin athygli á að við varir gátu verið fleiri mannvirki svo sem sjóbúðir, vörslugarðar og fiskbyrgi og að minjar um þessi mannvirki gætu enn leynst undir yfirborðinu. Minjastofnun mælir með framkvæmdaeftirliti á meðan á jarðvegsframkvæmdum stendur.

Áhrif á hljóðvist, öryggi almennings og frárennsli

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að búast megi við staðbundnu ónæði og hávaða á framkvæmdartíma en að farið verði eftir reglugerð um hávaða og tekið mið af tímamörkum um háværar framkvæmdir sem sett eru í reglugerðinni. Einnig kemur fram að framkvæmdasvæðið sé innan skilgreinds hafnarsvæðis samkvæmt aðalskipulagi og séu áhrif á hljóðvist á íbúðarsvæðum talin óveruleg.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja kemur fram að fjölmargar kvartanir hafi borist frá íbúum í nærliggjandi íbúðabyggð vegna hávaða sem berist frá svæðinu. Heilbrigðiseftirlitið óskar eftir upplýsingum um hljóðvist og hljóðbærni vegna starfseminnar sem fari fram á reitnum. Heilbrigðiseftirlitið talar einnig um að til að tryggja öryggi almennings ætti að vera girðing í kringum svæðið sem gæti þá einnig komið að gagni við að hefta útbreiðslu hávaða. Heilbrigðiseftirlitið bendir einnig á að frárennslisop yfirfalls frá skólphreinsistöð Reykjanesbæjar muni liggja inn í nýja höfn en samkvæmt reglugerð um fráveitur og skólþ sé óheimilt að leiða skólþ þannig að frárennslisop opnast til hafna. Í greinargerð framkvæmdaraðila sé ekki að finna upplýsingar um breytingu á legu frárennslisopsins né hvort að lögninni stafi hætta á vegna landfyllingar og bygginga sem áætlaðar séu á svæðinu. Heilbrigðiseftirlitið óskar eftir upplýsingum varðandi þetta.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að í kjölfar ábendingar Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja um hávaða frá starfsemi Skipasmíðastöðvar Njarðvíkur og kvartana sem borist hafi vegna þess hefur Skipasmíðastöðin falið VSÓ Ráðgjöf og Trivium að mæla og gera grein fyrir hávaða sem berist frá starfseminni. Hin nýja aðstaða er þó talin hafa jákvæð áhrif á hljóðvist þar sem aukin tækifæri gefist til vinnu innandyrna með tilkomu nýrrar þurrkvíar. Varðandi öryggi almennings verður aðgengi óviðkomandi að vinnusvæði og mögulegt fok á efnun tekið til útfærslu í skilmálum deiliskipulags svæðisins. Varðandi frárennslisop þá svara framkvæmdaraðili því að sameiginlegur skilningur sé milli Hafnarstjórnar og Reykjanesbæjar um að koma þurfi yfirfalli frá skólphreinsistöð Reykjanesbæjar út fyrir nýju höfnina og sé það í samræmi við endurskoðaða aðalskipulag Reykjanesbæjar 2020-2035 sem býður staðfestingar. Flutningur núverandi lagnar til samræmis við skipulagsáform verði sameiginleg framkvæmd með þeim framkvæmdum sem hér séu til umfjöllunar og forsenda fyrir leyfisveitingum til framkvæmdarinnar í heild.

Áhrif efnisflutninga

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að að sækja þurfi um 135.000 m³ af efni í Helguvík og að skilgreind hafi verið flutningsleið frá námu að framkvæmdasvæði í því skyni að fara sem minnst um íbúðarsvæði og að flutningar komi til með að hafa sem minnst áhrif á samgöngur innanbæjar



eins og kostur sé. Framkvæmdaraðili telur áhrifin vera staðbundin og bundin við framkvæmdatíma og eru því talin óveruleg.

5 Skipulag og leyfi

Fyrirhuguð framkvæmd er ekki í samræmi við Aðalskipulag Reykjaneshæjar 2015-2030. Hins vegar er framkvæmdin í samræmi við endurskoðað Aðalskipulag Reykjaneshæjar 2020-2035 sem hefur verið samþykkt til staðfestingar.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Reykjaneshæjar samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi og byggingarleyfi Reykjaneshæjar samkvæmt lögum um mannvirki og byggingarreglugerð. Einnig leyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt lögum um varnir gegn mengun hafsvæða og stranda og leyfi Minjastofnunar Íslands samkvæmt lögum um menningarminjar.

6 Niðurstaða

Um er að ræða stækkun á athafnasvæði Skipasmíðastöðvar Njarðvíkur á Suðursvæði Njarðvíkurhafnar. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 2.02 og lið 13.02 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlaða.

Eðli framkvæmdar og staðsetning framkvæmdar og eiginleikar hugsanlegra áhrifa hennar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, mengun og ónæði sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar svo sem með tilliti til landnotkunar sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Þá ber að taka mið af eiginleikum hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, meðal annars stærðar og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur eru á áhrifum og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Framkvæmdin er nokkuð umfangsmikil en er á svæði sem nú þegar er mjög raskað og landslagið mótað af hafnarstarfsemi. Búast má við óverulegum til neikvæðum áhrifum á annars vegar menningarminjar þar sem framkvæmdin kemur til með að raska einum skráðum fornleifum, sem eru horfnar af yfirborði en kunna þó að leynast þar undir og hins vegar á landslag og ásynd þar sem þurrkví og landfylling koma til með að breyta ásynd svæðisins en svæðið er þó nú þegar mótað af hafnarstarfsemi og einkennist landslag af því. Vegna fyrirhugaðrar dýpkunar hafnarinnar verður rót á menguðum jarðvegi en framkvæmdaraðili hefur haft samráð við Umhverfisstofnun um hvernig fjarlægja skuli efnið og með hvaða hætti sé best að meðhöndla það. Skipulagsstofnun tekur undir með Umhverfisstofnun að jákvætt sé að framkvæmdaraðili leggi áherslu á að hindra frekari mengun og koma setefni þannig fyrir að dregið verði út hættu á því að það berist víða. Hafnarsóknastofnun telur að þar sem svæðið sé nú þegar mjög raskað sé lítil hættu á að mjög neikvæðar afleiðingar verði á botndýralíf. Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja bendir á að kvartað hafi verið um hávaða sem berist frá starfsemi Skipasmíðastöðvarinnar en framkvæmdaraðili hefur falið ráðgjafa að mæla og gera grein fyrir hávaða sem berist frá svæðinu en talið er að þurrkví sem áformað er að byggja muni hafa jákvæð áhrif á hljóðvist þar sem hægt verði að vinna innandyrna. Skipulagsstofnun telur að ef niðurstöður mælinga sýni að hávaði frá athafnasvæðinu sé yfir viðmiðunarmörkum reglugerðar um hávaða sé ástæða til að Skipasmíðastöðin skoði aðgerðir, í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja, til að draga úr hávaða eins og kostur er. Stofnunin er sammála framkvæmdaraðila að með tilkomu þurrkvíar muni að öllum líkindum draga úr ónæði frá hafnarssvæðinu. Flutningur efnis frá efnistökusvæði í Helguvík að framkvæmdarsvæði mun koma til með að valda ónæði á framkvæmdartíma og er mikilvægt að framkvæmdaraðili hagi flutningum á þann hátt að þeir hafi sem minnst neikvæð áhrif á íbúa svæðisins



Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 31. október 2022.

Reykjavík, 29. september 2022

Jakob Gunnarsson

Jóhanna Hrund Einarsdóttir